

MINNISBLAÐ – Almennavarnir höfuðborgar og BB

Fundur framkvæmdastjórnar Samtaka um betri byggð (BB) með yfirmönnum almennavarna á höfuðborgarsvæðinu mánudaginn 15. október 2012

Fundurinn hófst kl. 16:10 í miðstöð almennavarna við Skógarhlíð

Mættir:

Víðir Reynisson deildarstjóri Almennavarnardeildar RLS
Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins
Guðrún Jóhannesdóttir verkefnastjóri
Ágúst Gunnar Gylfason
Gunnar H Gunnarsson í framkvæmdastjórn BB
Örn Sigurðsson í framkvæmdastjórn BB

Stjórnarmenn BB þakka kærlega fyrir góðan fund.

Stjórnarmenn BB gerðu grein fyrir tilurð, tilgangi, stefnu og starfi samtakanna sl. 14 ár: Að veita ráðandi öflum aðhald á sviði skipulagsmála á höfuðborgarsvæðinu, að fylgjast með þróun byggðar þar, að gera tillögur og rannsóknir á sviði borgarskipulags, að miðla upplýsingum um hagkvæmt, skilvirkt og sjálfbært borgarskipulag og þróun mannvænnar og menningarlegrar byggðar á svæðinu án Vatnsmýrarflugvallar.

Stjórnarmenn BB gerðu grein fyrir aðkomu samtakanna að öryggismálum í þéttbýli og mati þeirra á ýmsum málefnum tengdum almennaöryggi, ma.

- að málefnum olíubyrðarstöðvar í Örfirisey og flutningum eldsneytis frá henni um götur borgarinnar (árið 1999),
- að hryðjuverkaógn vegna nástöðu Vatnsmýrarflugvallar og stjórnsýslumiðstöðvar Íslands og Reykjavíkur (á árunum 2001 – 2002),
- að áhrifum stofnbrautakerfis höfuðborgarsvæðisins á skilvirka rýmingu svæða í umsögnum BB um samgönguáætlanir (2004, 2008 og 2012)
- að viðbrögðum við flóðbylgjum („tsunami“ á árunum 2006 – 2012)
- að afskiptum BB af umferðaröryggi á höfuðborgarsvæðinu frá stofnun samtakanna (1999-2012)
- að mati BB á viðvörunarkerfum almennavarna á höfuðborgarsvæðinu (2006 – 2012, sjá ma. <http://www.americansignal.com/applications/outdoor-warning-siren-systems/>)

Stjórnarmenn BB lögðu fram gögn frá virtri rannsóknarstofnun í Bretlandi (<http://www.nerc-bas.ac.uk/tsunami-risk>) þar sem komist er að því að vænta megi 10m flóðbylgju í Norður Atlantshafi á eitt þúsund ára fresti að meðaltali

Stjórnarmenn BB gerðu grein fyrir því sjónarmiði samtakanna varðandi borgarskipulag og almennaöryggi á höfuðborgarsvæðinu að byggt borgarlandslag móti óhjákvæmilega viðbragsáætlanir almennavarna á sama hátt og sjónarmið almennavarna hljóta óhjákvæmilega að hafa áhrif á mótun skipulags óbyggðs borgarlandslags;

Stjórnarmenn BB gerðu grein fyrir því að mikill íbúafjöldi á höfuðborgarsvæðinu (um 2/3ju landsmanna) hljóti óhjákvæmilega að gefa mjög háan margfeldisstuðul í öllum útreikningum og ákvörðunum um forgangs röðun og vinnuhraða við gerð viðbragsáætlunar fyrir svæðið.

Í máli Víðis Reynissonar kom ma. fram eftirfarandi:

- viðvörunarflautur almennavarna voru síðast þeyttar í apríl 2000 og síðan lagðar niður
- í stað viðvörunarflauta hefur verið þróað úthringikerfi í alla farsíma
- viðvörunarflautur eru dýrar og óöruggar í rekstri

- víða um lönd ber sveitarfélögum að taka tillit til almannavarna í skipulagi sínu en ekki hér á landi (nema að takmörkuðu leyti)
- áhætuskoðun var samræmd á höfuðborgarsvæðinu 2011 (600 bls)
- í áhættumati er gert ráð fyrir 5m hárrí flóðbylgju („tsunami“)
- í raun er til virk viðbragðsáætlun á höfuðborgarsvæðið, sem byggir á verkferlum, þekkingu og reynslu lögreglu, slökkviliðs og annarra viðbragðsaðila

Í máli Jóns Viðars Matthíassonar kom m.a. fram eftirfarandi:

- viðvörðunarflokkur voru á ábyrgð ríkisins
- nú eru viðvörðunarflokkur (2) við olíuhöfnina í Örfirisey
- sprengiefnagæmsla er á Hólmsheiði (væntanlega eru ekki hættuleg efni af því tagi í Örfirisey)
- á fundi almannavarna í nóvember nk. verður kynnt heildstætt hættumat f. höf.b.sv.

Við ýmsum spurningum BB varðandi almannavarnir á höfuðborgarsvæðinu fengust ekki afgerandi svör:

- Er í gildi einhver raunveruleg viðbragðsáætlun á höfuðborgarsvæðinu? Ef já, síðan hvenær er hún?
- Hver er ásættanlegur hámarkstími fyrir endurskoðun viðbragðsáætlana?
- Hver er tímasetning vinnu við hættumat og viðbragðsáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið?
- Hvaða viðvörðunarkerfi eru til skoðunar á höfuðborgarsvæðinu?
- Hvaða áhrif hefur nýleg ákvörðun um heildstætt hættumat vegna eldgosa á Íslandi á tímasetningu nýrrar viðbragðsáætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið?
- Hvaða samvinnu hafa yfirvöld almannavarna, Vegagerðar og borgarskipulags á höfuðborgarsvæðinu?
- Hvaða ráðstafanir hafa nú þegar verið gerðar til að upplýsa almenning á höfuðborgarsvæðinu um mikilvægi almannavarna og um vinnu við nýja viðbragðsáætlun?

BB leggur til, í þágu almannahagsmuna, að hraðað verði hættumati og gerð viðbragðsáætlunar á höfuðborgarsvæðinu þannig að þeirri vinnu ljúki eigi síðar en um áramót 2013 / 2014

BB leggur til að tryggt verði aukið fé, td. úr Ofanflóðasjóði, þannig að hraða megi hættumati og gerð viðbragðsáætlunar á höfuðborgarsvæðinu óháð þriggja ára eldfjallarannsóknnum innanríkisráðherra; þegar ný viðbragðsáætlun hefur verið gerð verði hún kynnt almenningi og haldnar viðeigandi æfingar með þátttöku hans

BB leggur til að tryggt verði aukið fé, td. úr Ofanflóðasjóði, þannig að endureisa megi kerfi viðvörðunarflokka eða að byggja megi upp annað jaftraust eða traustara viðvörðunarkerfi gegn almannavá á höfuðborgarsvæðinu

BB leggur áherslu á að almannavarnaráætlun höfuðborgarsvæðisins, sem lokið verði við eigi síðar en um áramót 2013 / 2014, verði samþætt svæðisskipulagi og aðalskipulagi og skyldum áætlunum;

BB bendir á að það vantar sárlega fleiri rýmingarleiðir á höfuðborgarsvæðinu á austur/vestur og norður/suður ásunum, þ.e.s. Kópavogsgöng, Öskjuhlíðargöng, Sundabraut og Skerjabraut (þverun Skerjafjarðar í framhaldi af Suðurgötu); einnig vantar nokkur mislæg gatnamót á núverandi aðalgatnakerfi

Fleira gerðist ekki og lauk fundinum um kl. 17:40.

Reykjavík, 16.10.2012

f.h. framkvæmdastjórnar Samtaka um betri byggð

Gunnar H Gunnarsson verkfræðingur
í framkvæmdastjórn BB

Örn Sigurðsson arkitekt
í framkvæmdastjórn BB